

## Fimmti fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2012 til 2013 haldinn 11.06.2013. kl. 08:10

Fundarstjóri: Erla Guðjónsdóttir.

Ritari: Valdimar Víðisson, aðstoðarskólastjóri.

Mættir: Erla Guðjónsdóttir – skólastjóri, Valdimar Víðisson, aðstoðarskólastjóri, Guðrún Einarsdóttir – fulltrúi kennara, Eva Egilsdóttir – fulltrúi kennara. Sigurveig Þormar – fulltrúi annarra starfsmanna, Halldóra Hinriksdóttir – fulltrúi foreldra og Ingibjörg Gunnarsdóttir – fulltrúi foreldra.

Forföll: Elfa Rún Björnsdóttir – fulltrúi nemenda og Óli Gunnar Gunnarsson – fulltrúi nemenda, Hanna Þráinsdóttir – fulltrúi nemenda. Jón Guðmar Jónsson – fulltrúi grenndarsamfélags.

Dagskrá:

### 1. Starfsskýrsla Öldutúnsskóla fyrir skólaárið 2012 til 2013:

Skýrslan er með hefðbundnu sniði þar sem stefna og markmið skólans eru kynnt, yfirlit er yfir starfsemi helstu ráða og nefnda, mat á skólastarfinu og niðurstöður viðhorfakannana meðal nemenda, foreldra og starfsmanna. Símenntunaráætlun er einnig birt. Þetta er í síðasta sinn sem skýrslan verður byggð upp með þessum hætti þar sem í vinnslu er hjá fræðslustjóra rammi fyrir starfsáætlanir skóla og skólanámskrá sem eiga að vera byggðar upp með sama hætti hjá öllum grunnskólum bæjarins. Starfsskýrslan verður send fræðslustjóra og birt á heimasíðu skólans.

- Ábending frá fulltrúa foreldra um að hafa kennsluþáttinn veigameiri í skorkortinu. Kennslan og það sem fer fram í kennslustofunni er þungamiðja skólastarfsins og það þurfi að gefa þeim þætti meira rúm í markmiðum, leiðum og mati.

### 2. Skólaárið 2013 til 2014

Skólastjóri, Erla Guðjónsdóttir lætur af störfum frá og með 1. ágúst 2013 og ráðinn hefur verið nýr skólastjóri, Valdimar Víðisson, sem gengt hefur stöðu aðstoðarskólastjóra síðan haustið 2008. Í júní verður auglýst í stöðu aðstoðarskólastjóra.

Nemendafjöldi er 520 og fjöldi bekkja verður 24 í stað 25 sem var á síðasta skólaári eins og nemendafjöldinn er nú við skólalok.

Jóhanna Elín Stefánsdóttir, stuðningskennari og Edda Jóhansdóttir, íþróttakennari hafa sagt upp störfum eftir yfir 20 ára starf við skólann. Þorgerður Jónsdóttir hefur einnig sagt upp fastri umsjónarkennarstöðu sinni við skólann en hún hefur verið kennari við skólann allan sinn starfsaldur, eða í 40 ár. Skólinn mun þó áfram njóta starfskrafta hennar í stundakennslu. Hildigunnur Bjarnadóttir og Margrét Árnadóttir umsjónarkennarar sem voru í ársleyfi frá störfum í vetur, hafa einnig sagt upp störfum. Nanna Traustadóttir, náttúrufræðikennari á unglíngastigi lætur sömuleiðis af störfum. Tveir kennarar hafa tilkynnt um fyrirhugað fæðingarorlof á næsta skólaári. Íþróttakennari hefur verið ráðinn, en umsóknarfrestur rann út 24. maí sl. Auglýst hefur verið eftir kennara í náttúrufræði og stærðfræði og rann umsóknarfrestur út 10. júní. sl. Hafa nokkrar umsóknir borist og verður unnið úr þeim á næstu vikum.

### 3. Önnur mál

- Umræða um virkni foreldra. Hefur ekki tekist að manna stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2012 – 2013. Eins vantar bekkjarfulltrúa í nokkra bekki. Taka þurfi þetta upp

til umræðu meðal starfsmanna og foreldra og leita leiða til að virkja foreldra enn frekar.

- Skólastjóri sagði frá fundi með foreldrum nokkurra nemenda á unglingastigi með forvarnarfulltrúa bæjarins. Markmið fundarins: Sporna gegn hópamyndun í miðbæ Hafnarfjarðar.
- Fulltrúi foreldra í ráðinu lýsti yfir ánægju sinni með vikupistla sem eru sendir í lok hverrar viku. Umsjónarkennarar hafa nefnt að það vantar viðbrögð frá foreldrum, t.d. varðandi vikupistlana. Fulltrúi foreldra taldi að það væri vegna þess að foreldrar átta sig ekki á að það sé óskað eftir svari.
- Skólastjóri sagði frá framkvæmdum í sumar; loft lagað í unglingadeild, einhver málningarvinna. Stefnt að því að fá skjávarpa í allar stofur í unglingadeild.
- Tölvumál. Það verða endurnýjaðar 40 tölvur í sumar. Tölvudeild hefur sett það markmið að endurnýja allar tölfur skólanna á þremur árum. Fyrsti áfangi í ár.
- Ábending frá fulltrúa starfsmanna um að það vanti hjólagrindur hjá 5. bekk.

Skólastjóri þakkaði skólaráði fyrir ánægjulegt samstarf og óskaði nefndarfólki velfarnaðar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 09:00.

Valdimar Víðisson ritaði fundargerð